



Afgangur af vöru- og þjónustuviðskiptum á fjórða ársfjórðungi

Útflutningur vöru og þjónustu nam 276,9 mö.kr. á fjórða ársfjórðungi borið saman við um 335,8 ma.kr. á sama tímabili árið áður. Hann dróst því saman um 59 ma.kr., eða 18% milli ára. Innflutningur vöru og þjónustu nam 265,9 mö.kr. á fjórða fjórðungi borið saman við 291,4 ma.kr. á sama tímabili árið áður. Hann dróst því saman um 25,4 ma.kr., eða 9%. Afgangur af vöru- og þjónustuviðskiptum nam 10,9 mö.kr. á fjórða ársfjórðungi og dróst saman um 33,5 ma.kr., eða 75%.


Þetta var eini fjórðungurinn á síðasta ári þar sem afgangur mældist af vöru- og þjónustuviðskiptum en hallinn á vöru- og þjónustuviðskiptum lá á bilinu 1-17 ma.kr. á fyrstu þremur fjórðungum ársins.

Útflutningur þjónustu nam 103,3 mö.kr. á fjórða ársfjórðungi og dróst saman um 70 ma.kr. milli ára, eða 40,4%. Vöruútflutningur nam 173,6 mö.kr. og jókst hann um 10,9 ma.kr., eða 6,7%. Innflutningur þjónustu nam 76,9 mö.kr. og dróst saman um 34,7 ma.kr., eða tæplega þriðjung. Vöruinnflutningur nam 189,1 ma.kr. og jókst hann um 9,3 ma.kr., eða 5,2%.

Varnarsigur þrátt fyrir viðsnúning úr afgangi í halla


Þegar litið er yfir allt árið varð 10,5 ma.kr. halli á vöru- og þjónustuviðskiptum á síðasta ári. Það er fyrsti hallinn síðan árið 2008 þegar hann nam 19,4 mö.kr. Hallinn nú skýrist einungis af halla á vöruviðskiptum, sem nam 32 mö.kr., en afgangur var á þjónustujöfnuði, upp á 21,5 ma.kr. Þrátt fyrir að afgangur ársins 2019 hafi breyst í halla á síðasta ári verður að telja um töluverðan varnarsigur að ræða. Útflutningur dróst mikið saman milli ára vegna Covid-19-faraldursins en mikill samdráttur innflutnings á sama tíma dró verulega úr neikvæðum áhrifum faraldursins á utanríkisviðskiptin á fjórðungnum.

Inn- og útflutningur vöru og þjónustu og afgangur á 4F



Heimild: Hagstofa Íslands

Afgangur af vöru- og þjónustuviðskiptum




Heimild: Hagstofa Íslands



ýmsum þáttum. Þannig var heimsmarkaðsverð á áli 9,3% hærra á fjórðungnum mælt í Bandaríkjadöllum. Gengi Bandaríkjadals var 8,9% hærra gagnvart krónu. Útflutningur áls í tonnum jókst einnig um 3,2%.

Vöruinnflutningur jókst um 5,2%

Vöruinnflutningur nam 189,1 ma.kr. og jókst um 9,3 ma.kr., eða 5,2%. Á föstu gengi dróst hann hins vegar saman um 8%. Það sem helst skýrir aukningu á innflutningsverðmætinu er aukið innflutningsverðmæti hrá- og rekstrarvara en aukningin í þeim lið nam 18,6% milli ára. Aukinn innflutningur í ýmsum neysluvörum nam 33,1%. Aukinn innflutningur í fjárfestingavörum utan flutningatækja nam 14,2%.



Breyting frá sama tímabili árið áður
Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild Landsbankans

Innihald og form skjals þessa er unnið af starfsmönnum Hagfræðideildar Landsbankans hf. (hagfraedideild @landsbankinn.is) og byggist á aðgengilegum opinberum upplýsingum á þeim tíma sem greiningin var unnin. Mat á þeim upplýsingum endurspeglar skoðanir starfsmanna Hagfræðideildar Landsbankans á þeim degi þegar greiningin er dagsett, en þær geta breyst án fyrirvara.

Landsbankinn hf. og starfsfólk hans taka ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram, enda eru þær ekki veittar sem persónuleg ráðgjöf fyrir einstök viðskipti.

Bent skal á að Landsbankinn hf. getur á hverjum tíma haft beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta, ýmist sjálfur, dótturfélög hans eða fyrir hönd viðskiptamanna, s.s. sem fjárfestir, lánardrottinn eða þjónustuaðili. Greiningar eru engu að síður unnar sjálfstætt af Hagfræðideild Landsbankans og innan Landsbankans eru í gildi reglur um aðskilnað starfssviða sem eru aðgengilegar á vef bankans.